

Hvernig les ég af mæli?

Rafmagnsmælir - Hér fyrir neðan er tegund rafmagnsmælis eins og er á flestum heimilum í dag. Þær tölur sem þú lest af mælinum eru þær sem eru á skjánum á undan kWh. Þú þarft að lesa af allri tölunni, þ.e. taka núllin með sem eru oft á undan tölunni. Ef þú skilar svo inn álestrinum til OR þá þarft þú einnig að hafa númer mælisins sem er strikamerkjanúmer staðsett framan á mælinum eins og örin sýnir.



Hitaveitumælir - Hér fyrir neðan er svo hitaveitumælir sem er staðsettur á hitaveitugrind heimilisins. Þær tölur sem þú lest af á þessum mæli eru þær sem eru á undan m³. Í þessu tilfalli myndir þú lesa töluna: 00024. Númer mælisins er svo strikamerkjanúmerið í lokinu sem örin bendir á. Það getur líka verið staðsett á hlið mælisins.

